

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 14. september 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs og stofnana, janúar-ágúst 2005**

Fyrir fundinum lá útprentun úr bókhaldi sveitarfélagsins þar sem kemur fram hver er staða hvorrar deildar í bókhaldinu og samanburður við fjárhagsáætlun ársins. Hreppsnefndarmenn ræddu stöðu einstakra rekstrar og fjárfestingarliða. Útprentunin var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna málsins.

2. Sameining sveitarfélaga*a) Kynningarrit um sameiningu*

Fyrir fundinum lágu drög að kynningarbæklingi um sameiningu sveitarfélaganna Áshrepps, Blönduósþéttar, Höfðahrepps og Skagabyggðar sem samstarfsnefnd sveitarfélaganna hefur látið gera. Ákveðið hefur verið að kosning um sameiningu sveitarfélaganna mun fara fram 8. október nk. og að kynningarfundur á Skagaströnd um málið verður haldinn þriðjudaginn 27. september nk.

b) Fundargerðir samstarfsnefndar

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi fundargerðir til kynningar:

- Fundargerð 13. júní 2005.
- Fundargerð 4. ágúst 2005.
- Fundargerð 29. ágúst 2005.

3. Bréf:*a) Fjárlaganefndar Alþingis, dags. 5. sept. 2005.*

Fyrir fundinum lá bréf fjárlaganefndar þar sem tilkynnt er að sveitarstjórnarmönnum gefist kostur á að eiga fund með nefndinni vegna fjárlagaársins 2006, dagana 26. og 27. september nk.

b) Skíðadeildar U.M.F. Tindastóls

Í bréfinu er lýst áhuga á að fá fyrirtæki og sveitarfélög á vestanverðum Skaga með í uppbyggingu skíðasvæðis í Tindastóli. Samþykkt óska eftir fundi með forsvarsmönnum skíðadeildarinnar.

c) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. ágúst 2005.

Í bréfinu er tilkynnt um árlega fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 10. – 11. nóvember nk. Bréfið var til kynningar.

d) Impru nýsköpunarmiðstöðvar, dags. 25. ágúst 2005.

Í bréfinu er upplýst um fyrirhuguð námskeið Brautargengis fyrir konur á landsbyggðinni sem haldin verða á Akureyri, Ísafirði, Sauðárkróki og Selfossi.

Með bréfinu er óskað eftir 30 þús. kr. styrk með hverjum þátttakenda úr sveitarfélaginu í þeim tilgangi að stuðla að atvinnuuppbyggingu kvenna. Erindið var samþykkt.

4. Fundargerðir:

a) *Hafnarnefndar, 5. september 2005.*

Fundargerðin var samþykkt

b) *Húsnæðisnefndar, 7. september 2005.*

Fundargerðin var samþykkt.

c) *Skólanefndar, 29. ágúst 2005.*

Fundargerðin var samþykkt.

d) *Byggingarnefndar, 12. sept. 2005.*

Fundargerðin var samþykkt.

e) *Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 25. ágúst 2005.*

Fundargerðin var til kynningar.

f) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 17. mars 2005.*

Fundargerðin var til kynningar.

g) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 10. júní 2005.*

Fundargerðin var til kynningar.

h) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1. júlí 2005.*

Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

a) *Oddviti gerði grein fyrir þeirri vinnu sem lagt hefur verið í við að skilgreina iðnaðarsvæði á milli Blönduóss og Skagastrandar.*

b) *Oddviti upplýsti um fund sem hann og sveitarstjóri áttu með forstjóra Rarik og sviðsstjóra hitaveitumála vegna möguleika á að leggja jarðvarmaveitu til Skagastrandar.*

c) *Rætt var um byggingu sundlaugar og ákveðið að fara í skoðunarferð og kynna sér sundlaugar.*

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10²⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir